

Fundargerð 93. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2024, mánudaginn 22. janúar kl. 10:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Benedikt Traustason, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Stefán Aspar Stefánsson og Steinþór Þórðarson.

Að auki sátu fundinn Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur, Hugrún Geirsdóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð og Gyða Einarsdóttir verkefnisstjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar - 2210013SA

Fundargerð 92. fundar samþykkt samhljóða.

2. Niðurstöður vinnudags verkefnisstjórnar - 2210013SA

Vinnudagur verkefnisstjórnar fór fram 15. desember sl. þar sem fulltrúar verkefnisstjórnar unnu annarsvegar að því að skilgreina hvaða megin verkefni verkefnisstjórnin og sambandið ætti að horfa til á árinu 2024 og hinsvegar að greiningu á því hvernig verkefnisstjórnin og sambandið geta unnið að helstu hagsmunamálum sveitarfélaga í úrgangsstjórnun á næstu árum. Farið var yfir samantekt vinnudagsins og umræður fóru fram um hvernig ætti að koma áherslumálum til framkvæmda.

Verkefnisstjórn leggur til að samantekt vinnudagsins sé uppfærð í form minnisblaðs og kynnt fyrir stjórn sambandsins.

3. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdarstjóri SORPU bs. og stjórnarmaður sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs, sagði verkefnisstjórn frá helstu málefnum sjóðsins að undanfögnu. Málið var einnig tekið fyrir á síðasta fundi verkefnisstjórnar og er starfsfólk sambandsins að fylgja bókun verkefnisstjórnar frá þeim fundi eftir.

4. Ábyrgð sveitarfélaga á söfnun heimilísúrgangs - 2310051SA

Í 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023, kemur fram að sveitarfélög beri ábyrgð á söfnun og flutningi alls heimilísúrgangs frá heimilum og lögaðilum. Þrátt fyrir ábyrgð sveitarstjórna takmarkar það ekki heimild lögaðila til að gera beinan samning við þjónustuaðila um söfnun og flutning heimilísúrgangs frá eigin starfsemi. Sambandið leitaði lögfræðialits hjá lögfræðistofunni Landslögum til að greina nánar hvaða skyldur hvíla á

sveitarfélögum hvað varðar söfnun heimilisúrgangs frá lögaðilum. Jóna Björk Helgadóttir, lögmaður hjá Landslögum, kom inn á fundinn og kynnti minnisblað þeirra, dags. 12. janúar sl., í minnisblaðinu var að finna umfjöllun um þær kröfur sem gerðar eru til sveitarfélaga skv. lögum um meðhöndlun úrgangs, með tilliti til mögulegra samkeppnissjónarmiða.

Verkefnisstjórn þakkar fyrir skýra og góða kynningu og biður um að sambandið rýni niðurstöður minnisblaðsins og greini hvernig þær hafa áhrif á ráðgjöf og annan stuðning sambandsins við sveitarfélög.

5. Þróun og innleiðing samnorrena flokkunarmerkinga - 2009210SA

Ákvarðanir um þróun, notkun og innleiðingu nýrra flokkunarmerkinga eru teknar á vettvangi samtakanna EUPicto sem eiga merkingarnar. Samband íslenskra sveitarfélaga er aðili að EUPicto fyrir Íslands hönd en aðild að samtökunum er forsenda innleiðingar og notkunar á merkingunum hér innanlands. Auk þess tryggir aðild, aðkomu og ákvörðunarrétt um þróun þeirra. Inn á fundinn kom Freyr Eyjólfsson, verkefnastjóri hringrásarhagkerfis hjá SORPU bs. og stjórnarmaður í FENÚR, til að ræða hvernig innleiðing á merkingunum og þróun á nýjum hefur reynst og hvaða væntingar SORPA hefur til kerfisins. Í máli Freys kom fram að nú sé komið að ákveðnum tímamótum með merkingarnar. Ánægjulegt sé að sjá hversu mikilli útbreiðslu merkingarnar hafa náð en innleiðing þeirra náði ákveðnu flugi á innleiðingarárinu 2023 og eftir að notkun þeirra var skilgreind betur í reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023. FENÚR vann mikið og gott starf á sínum tíma með staðfæra og innleiða merkingarnar í handbók sem er að finna á vef félagsins. Merkingarnar léku m.a. stórt hlutverk í samræmingarverkefninu á höfuðborgarsvæðinu. Sá aðili sem sér um innleiðingu merkinganna hér á landi þarf að hafa eftirlit með því að réttar merkingar séu notaðar og samkvæmt þeim leiðbeiningum sem EUPicto setur. Ferlið við samþykkt nýrra eða breyttra flokkunarmerkinga inn í samnorrena kerfið mætti e.t.v. skýra betur. Kosturinn við merkingarnar eru að þær eru samræmdar á markaðssvæði Norðurlandanna en vera kann að aðildarlöndin þurfi meira svigrúm til að aðlaga merkingarnar við þau kerfi sem eru fyrir hendi í hverju landi fyrir sig og með notendur kerfanna í huga.

Verkefnisstjórn leggur til að sambandið í samstarfi við SORPU bs. og mögulega fleiri aðila, vinni að tillögu að verklagi sem skýri betur ferlið við ákvörðun nýrra og breyttra merkinga og innleiðingu í hverju aðildarlandi fyrir sig og leggi fram við stjórn EUPicto á næsta fundi samtakanna.

6. Innkaupasamningar Ríkiskaupa um úrgangspjónustu - 2308026SA

Ríkiskaup eru að skoða breytingar á núverandi fyrirkomulagi á rammasamningi fyrir úrgangspjónustu. Í dag er rammasamningur við Íslenska gámafélagið um leigu og losun íláta og meðhöndlun eftir söfnun fyrir 25 mismunandi úrgangsflokka. Samningurinn takmarkast við stofnanir sveitarfélaga og ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu. Ríkiskaup hyggjast endurskoða umfang samningsins þannig að hann nái til fleiri landshluta og hefur áhuga á auknu samstarfi við sambandið hvað það varðar.

Málinu frestað.

7. Líforkugarðar í Eyjafirði - 2305036SA

Próunarfélagið Líforkugarðar ehf. var stofnað á árinu 2023 af hálfu allra tíu sveitarfélaga innan Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) og ríkisins utan um verkefni líforkuvers í Eyjafirði. Verkefnið var eitt af áhersluverkefnum SSNE árið 2023 og var markmið þess að kanna nánar forsendur fyrir uppbyggingu líforkuvers á Dysnesi og útbúa kostnaðar- og rekstraráætlun verkefnisins. Kristín Helga Schiöth, verkefnastjóri Líforkugarða, kom inn á fundinn og sagði frá því sem gert var á árinu 2023 og áformunum fram undan. Kynnisferð á vegum SSNE var farin til Finnlands og Noregs haustið 2023 þar sem farið var í heimsókn í vinnslur er meðhöndla CAT1 efni. Hópurinn sem í ferðina fór samanstóð af hag- og fagaðilum sem kynnti sér þær leiðir sem löndin hafa farið við söfnun og meðhöndlun dýraleifa og kom meðal annars fram að sveitarfélögin í hvorugu landi koma að söfnunefna annarri meðhöndlun þessa efnis. Í undirbúningsvinnu, varðandi fyrsta fasa verkefnisins um líforkuver, kemur fram að þátttaka sveitarfélaga í kostnaði verður engin eða óveruleg í yfirfærslunni í annað kerfi við meðhöndlun dýraleifa. Markmið próunarfélagsins er að færa undirbúningsvinnuna upp á annað stig og hefur félagið sótt um lóð undir starfseminu í Dysnesi. Kynningarfundur hefur verið haldinn í nærsamfélaginu og er verið að skoða samtalið við afurðastöðvar og fulltrúa bænda um fyrirkomulag söfnunarkerfa. Líforkuverið á Dysnesi mun geta annað allt að 10.000 tonnum af efni árlega, þó að líklegt sé að efnið sem skili sér inn verði nær 3.000 tonnum af dýraleifum, 300 tonn af CAT1 frá sláturhúsum og 1000 tonn til viðbótar af blönduðu efni. Mikilvægt er að líforkuverið geti annað toppum í sláturtíð og hægt sé að vinna efni með litlum fyrirfara og í umtalsverðu magni þegar upp koma dýrasjúkdómar. Ekki er ljóst á þessu stigi hvað verður um afurðirnar, fitu og kjötmjöl, en líklegast að þær muni verða til sölu þeim sem vilja nýta þær áfram.

Verkefnisstjórn þakkar fyrir góða kynningu á verkefninu og óskar eftir að fylgjast áfram með framvindunni.

8. Önnur mál - 2009111SA

Ákvörðun tekin um dagsetningu næsta fundar, mán. 19. feb. kl. 10-12 í fjarfundi á Teams.

Fundi var slitið kl.

Jón Viggó Gunnarsson

Benedikt Traustason

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson

Steinþór Þórðarson